



LANDSPÍTALI

FRÆÐSLUEFNI

Heimaöndunarvélateymi Landspítala



Stuðningsmeðferð fyrir sjúklinga í langtíma
öndunarvérameðferð og fjölskyldur þeirra

Heimaöndunarvélateymi Landspítala

Göngudeild A3 í Fossvogi

HIÚKRUNARFRÆÐINGAR



Bryndís S. Halldórsdóttir
Sími: 8255171
brynhall@landspitali.is



Karin K. Sandberg
Sími: 8243349
karin@landspitali.is



Guðbjörg Svava Ragnarsdóttir
Sími: 6202650
gudsrag@landspitali.is

LÆKNAR



Jordan Cunningham



Sólrún Björk Rúnarsdóttir



Brynja Jónsdóttir

Heimaöndunarvélateymi (HÖT)

HÖT er þverfaglegt teymi hjúkrunarfræðinga og lækna með sérþekkingu í meðhöndlun sjúklinga sem þurfa að nota innri eða ytri öndunarvél. Notkun öndunarbíla reynist stundum nauðsynleg í kjölfar lungnasjúkdóma og öndunarbilunar, sem orsakast af minnkandi styrk eða rýrnun vöðva vegna sjúkdóma eða slysa. Teymið kemur að mati, greiningu, meðferð og eftirfylgd sjúklings og fjölskyldu hans.

Hlutverk HÖT

- Að meta öndunargetu og greina breytingar á öndun sem þarfnast meðferðar með ytri eða innri öndunarvél
- Að veita einstaklingsbundna meðferð með ytri eða innri öndunarvél í samráði við sjúkling og fjölskyldu
- Að veita fræðslu, ráðgjöf, stuðning og eftirfylgd við sjúklinga og fjölskyldur á göngudeild A3 á Landspítala í Fossvogi, með heimavítjunum og símtölum.
- Að vera ráðgefandi um meðferð og hjúkrun fyrir starfsfólk Landspítala og annarra heilbrigðisstofnana
- Að veita skipulagða fræðslu þrisvar á ári í hermisetri Landspítala fyrir fjölskyldur og umönnunaraðila einstaklinga sem háðir eru öndunarvél >16 klst. á sólarhring

Markmið HÖT

- Að tryggja bestu meðferð sem völ er á hverju sinni, samkvæmt nýjustu þekkingu
- Að tryggja sjálfræði og virðingu fyrir ákvörðunum sjúklings og aðstandenda varðandi meðferð
- Að veita sjúklingi, fjölskyldu og umönnunaraðilum aðgang að skilvirkri og sérhæfðri þjónustu

Skipulag þjónustu

Heimaöndunarárvélateymið starfar alla virka daga frá kl. 08:00-16:00

Reglulegir teymisfundir eru haldnir á þriðjudögum eftir hádegi. Samdægurs er skipulögð móttaka á göngudeild A3 eftir þörfum hvers sjúklings

Þjónusta utan dagvinnutíma:

Ef þörf er á ráðgjöf eða í bráðatilfellum er leitað til:

Vaktstjóra lungnadeildar s: 8255037

Bráðamóttöku í Fossvogi s: 5431000